

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2022, Múlakvísl.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 12. júní 2013 breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 28. maí 2013.

Breytingin felst í afmörkun á nýjum varnargarði í farvegi Múlakvíslar norðan þjóðveggar, nýju efnistökusvæði merkt ES20, stækkun efnistökusvæðis ES8 og færslu á legu ljósleiðara til suðurs þar sem hann þverar Múlakvísl.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 12. júní 2013.

F.h. forstjóra,

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2013